

6. september 1983

115

Nr. 63

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu stimpilgjalda af
íbúðalánnum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar og lánastofnana sé nú unnið að því að breyta skammtímalánnum húsbýggjenda og íbúðakaupenda í lán til lengri tíma. Til að greiða fyrir þessari aðstoð beri brýna nauðsyn til að falla frá innheimtu stimpilgjalda af þeim nýju lánskjöllum sem gefa þarf út í þessu sambandi og tryggja þar með enn virkari árangur þessara aðgerða húsbýggjendum til hagsbóta.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánnum húsbýggjenda og íbúðakaupenda sem lánastofnanir kunna að veita í samræmi við samkomulag þeirra við ríkisstjórnina og stjórnarsáttmála hennar frá 27. maí 1983. Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd niðurfellingar eða endurgreiðslu þessarar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. september 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.